

Skipulagsstofnun
b/t Ester Anna Ármannsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. desember 2019
UST201912-046/A.B.
10.04.01

Efni: Lýsing – Drög að Strandsvæðisskipulag fyrir Austfirði og Vestfirði – Skipulagsstofnun

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 29. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um drög að lýsingu fyrir strandsvæðisskipulag fyrir Austfirði og Vestfirði.

Tengsl við aðrar áætlanir

Í greinargerð er fjallað um tengsl við aðrar áætlanir og telur Umhverfisstofnun mikilvægt að fjallað sé um í lýsingu um lög um stjórn vatnamála í því samhengi. Umhverfisstofnun bendir á að nú er að unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Skv. 28 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála þá eiga opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, að vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Fyrsta Vatnaáætlunin fer í kynningu árið 2021 og tekur gildi árið 2022.

Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðin eru innan vatnasvæða sem eru að finna strandsjávarhlot sem skilgreind hafa verið undir stjórn vatnamála. Öll vatnshlotin eiga að uppfylla markmið um gott eða mjög gott ástand. Frekari upplýsingar um vatnshlotin er að finna í Vatnavefsjá Umhverfisstofnunar <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnavefsja/>

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um þau og þau afmörkuð í lýsingu.

Greining forsenda og fyrirmýnda

Umhverfisstofnun bendir á að nú þegar hefur strandsjó verið skipt upp í vatnshlot m.a. vegna fiskeldisnýtingar. Þá skiptingu er hægt að sjá í Vatnavefsjá Umhverfisstofnunar og í greinargerð Hafrannsóknastofnunar frá 2019 sem nefnist Haf – og Vatnarannsóknir – Endurskoðun á skiptingu strandsjávar í vatnshlot eftir Sólveigu R. Ólafsdóttur sem er að finna hér:

<http://vatn.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-vatn/Haf-%20og%20vatnsranns%C3%B3knir%20-%20Endursko%C3%B0un%20%C3%A1%20skiptingu%20strandsj%C3%A1var%20%C3%AD%20vatnshlot.pdf>

Listi yfir efnisþætti forsendugreiningar

Í lýsingu er settur fram listi yfir efnisþætti forsendugreiningar þar sem m.a. er fjallað um afmörkun þynningarsvæða skv. starfsleyfi. Umhverfisstofnun bendir á að ekki er aðeins um að ræða afmörkun vegna þynningarsvæða heldur má sú starfsemi sem fer fram innan skilgreindra vatnshlota ekki hafa þau áhrif á vatnshlotin að þau falli um flokk. Búið er að skilgreina vatnshlotin og þá gæðaðætti sem segja okkur til um álag. Vöktun þessara gæðaðætta er við það að hefjast.

Sjá skýrslu Hafrannsóknarstofnunar frá 2014 sem nefnist: Gæðaðættir og viðmiðunaraðstæður strandsjávarvatnshlota

<http://vatn.is/library/Skrar/Einstaklingar/Vatnsgaedi/Vatnatilskipunin/G%C3%A6%C3%B0a%C3%BE%C3%A6ttir%20og%20vi%C3%B0mi%C3%B0unara%C3%B0st%C3%A6%C3%B0ur%20%C3%BAtg2.pdf>

Umhverfisstofnun bendir á að undir verndarsvæði í listanum þarf að setja svæði á náttúruminjaskrá þar sem uppruni gagna er frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun.


Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt sé að það komi fram í lýsingu að aflað verði upplýsinga um þau svæði sem fyrirhugað er að friðlýsa eða eru í vinnslu. Þar er t.a.m um að ræða svæði á náttúruverndaráætlunum, náttúruminjaskrá og verndarflokki rammaáætlunar, auk svæða sem fyrirhugað er að friðlýsa í tengslum við átak ríkisstjórnarinnar í friðlýsingum.

Umhverfisstofnun bendir á að undir umferð og samgöngur þarf að setja inn í lýsingu gögn um skipaumferð við Íslands þar sem uppruni gagna er frá PAME, en PAME hefur sett upp gagnagrunn um skipaumferð á Norðurslóðum (Arctic Ship Traffic Data, ASTD).



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson
sérfræðingur